# Hitaveita Flúða og nágrennis

## Ársreikningur 2019

Hitaveita Flúða og nágrennis
Kt. 500380-0399
Akurgerði
845 Flúðir

# Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar........................................ | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda........................................ | 4 |
| Rekstrarreikningur........................................ | 6 |
| Efnahagsreikningur........................................ | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit........................................ | 8 |
| Skýringar........................................ | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnar

Hitaveita Flúða og nágrennis er í eigu Hrunamannahrepps. Hitaveitan selur orku eftir rúmmetramæli til íbúa, sumarhúsa, landbúnaðar og annarra fyrirtækja í Hrunamannahreppi og Laxárdal og Skáldabúða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Á árinu var meðalfjöldi stöðugilda 1,75 og greiddi hitaveitan 17,3 millj. kr. í laun auk 4,0 millj. kr. í launatengd gjöld.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður veitunnar 3,2 millj. kr. á árinu. Eigið fé í árslok nam 126,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórnendur Hitaveitu Flúða og nágrennis staðfesta hér með ársreikning veitunnar fyrir árið 2019 með undirskrift sinni.

Flúðum, 23. mars 2020.

Veitustjórn:

Sveitarstjóri:

Veitustjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Hitaveitu Flúða og nágrennis.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Flúða og nágrennis („hitaveitan") fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hitaveitunnar 31. desember 2019 og afkomu hitaveitunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð hitaveitunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Stjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og veitustjóra að leggja mat á rekstrarhæfi hitaveitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa hitaveituna upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits hitaveitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og veitustjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi hitaveitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert hitaveituna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 23. mars 2020.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Selt heitt vatn | 8 | 60.375.704 | 66.483.337 |
| Aðrar tekjur | 9 | 11.140.861 | 18.603.113 |
| | | 71.516.565 | 85.086.450 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Leiga vegna heitavatnsréttinda | 10 | 2.792.468 | 1.885.599 |
| Laun og launatengd gjöld | 11 | 21.902.237 | 21.356.195 |
| Rekstur dreifikerfis | 12 | 4.143.306 | 2.273.623 |
| Rekstur dælustöðva | 13 | 4.699.552 | 7.425.533 |
| Rekstur bifreiða, véla og tækja | 14 | 3.229.487 | 2.162.903 |
| Rekstur áhaldahúss | 15 | 4.007.056 | 1.494.934 |
| Rekstur borholu KV2 | 16 | 740.833 | 3.052.601 |
| Annar rekstrarkostnaður | 17 | 13.835.590 | 13.868.350 |
| | | 55.350.529 | 53.519.738 |
| Hagnaður fyrir afskriftir og vexti | | 16.166.036 | 31.566.712 |
| Afskriftir | 2 | ( 9.663.521) | ( 8.887.821) |
| Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 6.502.515 | 22.678.891 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.539.371 | 1.488.900 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 2.945.462) | ( 3.248.344) |
| | | ( 1.406.091) | ( 1.759.444) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 5.096.424 | 20.919.447 |
| Tekjuskattur | 5 | ( 1.916.255) | ( 7.865.712) |
| **Hagnaður ársins** | 4 | 3.180.169 | 13.053.735 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fasteignir | | 1.475.534 | 1.697.225 |
| Bifreiðar, tæki og búnaður | | 28.867.209 | 22.426.720 |
| Borhola, lagnir og tengivirki | | 89.134.123 | 89.988.165 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir samtals | 2 | 119.476.866 | 114.112.110 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 3 | 1.426.358 | 1.483.338 |
| Fastafjármunir samtals | | 120.903.224 | 115.595.448 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 18.438.732 | 17.474.963 |
| Hrunamannahreppur | | 1.970.186 | 1.992.273 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 3 | 56.677 | 56.677 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 1.253.317 | 0 |
| Handbært fé | | 43.299.057 | 51.097.902 |
| Veltufjármunir samtals | | 65.017.969 | 70.621.815 |
| **Eignir samtals** | | 185.921.193 | 186.217.263 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | | 126.157.310 | 124.977.141 |
| Eigið fé samtals | 4 | 126.157.310 | 124.977.141 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 5 | 10.899.993 | 8.983.738 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldabréfalán | 6 | 32.602.546 | 34.106.510 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals | | 43.502.539 | 43.090.248 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 6.772.254 | 2.239.128 |
| Hrunamannahreppur | | 4.668.443 | 4.456.622 |
| Opinber gjöld ársins | | 0 | 5.147.927 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | 6 | 2.415.003 | 2.352.173 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.405.644 | 3.954.024 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 16.261.344 | 18.149.874 |
| Skuldir samtals | | 59.763.883 | 61.240.122 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 185.921.193 | 186.217.263 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | 4 | 3.180.169 | 13.053.735 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 2 | 9.663.521 | 8.887.821 |
| Verðbætur langtímalána | | 936.075 | 438.377 |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | 5 | 1.916.255 | 2.380.402 |
| Veltufé frá rekstri | | 15.696.020 | 24.760.335 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | ( 2.160.106) | ( 3.659.725) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 2.163.181) | 6.091.304 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 4.323.287) | 2.431.579 |
| Handbært fé frá rekstri | | 11.372.733 | 27.191.914 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 2 | ( 15.028.277) | ( 9.261.100) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 15.028.277) | ( 9.261.100) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður | 4 | ( 2.000.000) | 0 |
| Afborganir langtímalána | | ( 2.377.209) | ( 1.568.628) |
| Staða við Hrunamannahrepp, breyting | | 233.908 | ( 1.562.925) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 4.143.301) | ( 3.131.553) |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 7.798.845) | 14.799.261 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 51.097.902 | 36.298.641 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 43.299.057 | 51.097.902 |

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 7 | ( 44.271.314) | 0 |
| Fyrirfram innheimt leiga | 7 | 44.271.314 | 0 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**b.** Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðaða við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.

**c.** Viðskiptakröfur í lok ársins eru færðar niður um 500.000 kr. í efnahagsreikningi, Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

**d.** Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskattsins er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru færð síðar í ársreikningi en í skattuppgjöri.

**e.** Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir | Bifreiðar, tæki og búnaður | Borhola, lagnir og tengivirki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2019 .................................. | 5.542.266 | 44.064.344 | 128.744.601 | 178.351.211 |
| Viðbót á árinu ............................................ | 0 | 10.755.766 | 4.272.511 | 15.028.277 |
| Heildarverð 31.12.2019 .............................. | 5.542.266 | 54.820.110 | 133.017.112 | 193.379.488 |
| Afskrifað áður ............................................ | 3.845.041 | 21.637.623 | 38.756.437 | 64.239.101 |
| Afskrifað á árinu ......................................... | 221.690 | 4.315.278 | 5.126.553 | 9.663.521 |
| Afskrifað samtals 31.12.2019 ..................... | 4.066.731 | 25.952.901 | 43.882.990 | 73.902.622 |
| Bókfært verð 31.12.2019 ............................ | 1.475.535 | 28.867.209 | 89.134.122 | 119.476.866 |
| Afskriftahlutföll ........................................... | 4% | 10-15% | 4-15% | |

Fasteignamat fasteigna veitunnar í árslok 2019 var 40,0 millj. kr. og lóða 12,7 millj. kr., eða samtals 52,7 millj. kr. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 125,4 millj. kr. Tryggingaverðmæti lausafjármuna nam 78,8 millj. kr. í árslok 2019.

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu nam 987,6 millj. kr. á árinu 2019.

# Skýringar frh.

## 3. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig árinu:

| | **Lífeyrisauka-sjóður** | **Varúðar-sjóður** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun | 1.394.201 | 145.814 | 1.540.015 |
| Gjaldfært á árinu | ( 49.063 ) | ( 7.917 ) | ( 56.980 ) |
| Staða fyrirframgreiðslu í árslok | 1.345.138 | 137.897 | 1.483.035 |

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 48.785 | 7.892 | 56.677 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 1.296.353 | 130.005 | 1.426.358 |
| Samtals í efnahagsreikningi | 1.345.138 | 137.897 | 1.483.035 |

## 4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | **Samtals** |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 | 124.977.141 |
| Greiddur arður | ( 2.000.000) |
| Hagnaður ársins | 3.180.169 |
| Staða 31.12.2019 | 126.157.310 |

Á árinu var greiddur arður til Hrunamannahrepps að fjárhæð 2,0 millj. kr. samkvæmt tillögu veitustjórnar þann 20. júní 2019.

## 5. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 8.983.738 |
| Reiknaður tekjuskattur af afkomu ársins | 1.916.255 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020 | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2019 | 10.899.993 |

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig í árslok:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | ( 4.208.664) |
| Viðskiptakröfur | ( 188.000) |
| Fyrirfram innheimt leiga | 16.454.681 |
| Yfirfæranlegt tap | ( 1.158.024) |
| Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2019 | 10.899.993 |

Hitaveitan mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2020 vegna skattalegs taps á árinu 2019. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndaðist, fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029 | 3.079.847 |
| | 3.079.847 |

# Skýringar frh.

## 6. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

| Lánveitandi | Vísitala | Lánsform | Vaxtakjör | Staða |
|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga | nvt | ISK | 5,60% | 35.017.549 |
| Næsta árs afborganir | | | | ( 2.415.003) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi | | | | 32.602.546 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2020 | 2.415.003 |
| Árið 2021 | 2.415.003 |
| Árið 2022 | 2.415.003 |
| Árið 2023 | 2.415.003 |
| Árið 2024 | 2.415.003 |
| Síðar | 22.942.534 |
| | 35.017.549 |

## 7. Önnur mál

Þann 15. janúar 2018 var gengið frá vatnssölusamningi við Flúðaorku ehf. um nýtingu á umframhita úr Kópsvatnsholu til raforkuframleiðslu. Í tengslum við verkefnið var á árinu 2018 reist stöðvarhús á lóðinni við holuna og sá Flúðaorka ehf. um þá framkvæmd og greiðslur vegna hennar. Hitaveita Flúða er eigandi stöðvarhússins, en við verklok þann 30. ágúst 2019 var gengið frá uppgjöri framkvæmdakostnaðar og leigusamningi milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf. til 29 ára. Umsamið leigugjald fyrir leigutímann nemur 44,3 millj. kr. sem er jafnt framkvæmdakostnaði stöðvarhússins og var að fullu uppgert við verklok.

Leigusamningur þessi er skilgreindur sem fjármögnunarleigusamningur og því færður hjá leigusala (hitaveitunni), sem krafa sem nemur núvirði umsaminna leigugreiðslna. Þar sem umsamdar leigugreiðslur voru inntar af hendi við uppgjörið, koma þær til lækkunar á kröfunni, sem leiðir til þess að ekkert er fært, hvorki í rekstrarreikningi né í efnahagsreikningi, vegna framangreinds samnings.

# Skýringar frh.

| | | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **8.** | **Selt heitt vatn** | | |
| | Selt heitt vatn til notenda | 60.333.729 | 66.441.128 |
| | Selt heitt vatn til annarra hitaveitna | 41.975 | 42.209 |
| | | 60.375.704 | 66.483.337 |
| **9.** | **Aðrar tekjur** | | |
| | Seld þjónusta | 6.575.785 | 11.733.196 |
| | Heimtaugagjald | 3.642.580 | 5.421.285 |
| | Seld þjónusta bifreiðar | 448.896 | 458.632 |
| | Seld þjónusta tækja | 473.600 | 990.000 |
| | | 11.140.861 | 18.603.113 |
| **10.** | **Leiga heitavatnsréttinda** | | |
| | Leigugjöld vegna Flúða | 1.672.782 | 1.496.504 |
| | Leigugjöld vegna KV2 | 1.119.686 | 389.095 |
| | | 2.792.468 | 1.885.599 |
| **11.** | **Laun og launatengd gjöld** | | |
| | Laun | 17.293.516 | 16.919.688 |
| | Lífeyrissjóður | 2.326.525 | 2.150.619 |
| | Sjúkra-, orlofs- og endurmenntunarsjóður | 351.181 | 346.668 |
| | Tryggingagjald | 1.294.926 | 1.343.240 |
| | Áfallið orlof, breyting | 579.109 | 0 |
| | Bifreiðastyrkur | 0 | 539.000 |
| | Framlag í Lífeyrissjóðinn Brú | 56.980 | 56.980 |
| | | 21.902.237 | 21.356.195 |
| **12.** | **Rekstur dreifikerfis** | | |
| | Viðhald dreifikerfis, efni | 2.072.659 | 0 |
| | Mælarekstur | 2.070.647 | 2.273.623 |
| | | 4.143.306 | 2.273.623 |
| **13.** | **Rekstur dælustöðva** | | |
| | Rafmagn | 4.267.946 | 5.862.244 |
| | Viðhald, efni | 277.344 | 1.232.116 |
| | Viðhald, aðkeypt vinna | 0 | 177.431 |
| | Húsaleiga | 90.588 | 80.249 |
| | Tryggingar | 23.414 | 23.012 |
| | Fasteignagjöld | 40.260 | 50.481 |
| | | 4.699.552 | 7.425.533 |
| **14.** | **Rekstur bifreiðar, véla og tækja** | | |
| | Eldsneyti | 496.112 | 286.767 |
| | Viðhald | 501.290 | 151.881 |
| | Tryggingar og bifreiðagjöld | 786.327 | 841.916 |
| | Gjaldfærð áhöld og tæki | 928.804 | 0 |
| | Ýmis rekstrarkostnaður | 516.954 | 882.339 |
| | | 3.229.487 | 2.162.903 |

# Skýringar frh.

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **15. Rekstur áhaldahúss** | | |
| Verkfæri og áhöld | 2.644.464 | 429.352 |
| Rekstrarvörur | 69.070 | 162.189 |
| Viðhald | 40.100 | 37.500 |
| Fasteignagjöld | 389.613 | 398.986 |
| Tryggingar | 324.233 | 297.944 |
| Rafmagn og hiti | 180.432 | 158.963 |
| Ýmis rekstrarkostnaður | 359.144 | 10.000 |
| | 4.007.056 | 1.494.934 |
| **16. Rekstur borholu KV2** | | |
| Aðkeypt vinna | 239.000 | 1.082.674 |
| Keypt smurdæla | 148.105 | 0 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 95.791 | 621.276 |
| Viðhald, efni | 78.109 | 1.309.146 |
| Rafmagn | 53.713 | 0 |
| Fasteignagjöld | 126.115 | 39.505 |
| | 740.833 | 3.052.601 |
| **17. Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Tryggingar | 496.826 | 405.840 |
| Sími | 102.536 | 205.221 |
| Póstburðagjöld | 42.228 | 31.140 |
| Ferða og flutningskostnaður | 33.138 | 94.541 |
| Prentun | 160.729 | 17.447 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 276.146 | 82.092 |
| Tölvukostnaður | 2.397.806 | 1.979.448 |
| Innheimtukostnaður | 376.490 | 362.854 |
| Verkfræðiþjónusta | 1.183.600 | 1.628.747 |
| Aðkeypt þjónusta | 0 | 526.860 |
| Endurskoðun og önnur sérfræðiþjónusta | 3.261.455 | 2.279.453 |
| Heilbrigðiseftirlit | 0 | 22.671 |
| Ráðstefnur og fundir | 90.015 | 157.184 |
| Þátttaka í stjórnun og tæknisviði | 2.188.071 | 2.130.546 |
| Húsaleiga | 767.490 | 747.313 |
| Keypt þjónusta til endursölu | 2.032.751 | 1.023.214 |
| Annar starfsmannakostnaður | 8.750 | 502.523 |
| Félags- og eftirlitsgjöld | 266.540 | 362.653 |
| Gjafir og styrkir | 124.900 | 253.000 |
| Afskrifaðar kröfur | 13.705 | 62.805 |
| Styrktarlínur og auglýsingar | 5.000 | 20.000 |
| Annar kostnaður | 7.414 | 972.798 |
| | 13.835.590 | 13.868.350 |